



## Félags- og menningarmálanefnd - 17.09.2015

---

5. fundur

17. september 2015, kl 20:30-22:00

Fundarstaður: Íþróttamiðstöð Skútustaðahrepps

---

### Fundarmenn:

### Starfsmenn:

Elísabet Sigurðardóttir, form. (fundarr.)

Jóhanna Njálsdóttir

Dagbjört Bjarnadóttir

Sigurður Böðvarsson

Ólafur Þróstur Stefánsson (forfallaðist vegna vinnu)

---

### Dagskrá:

1. *Fundarsetning*
2. *Eyðublað vegna styrkúthlutana*
3. *Styrkveitingar - seinni úthlutun 2015*
4. *Jafnréttisáætlun og Landsfundur jafnréttisnefnda sveitarfélaga*
5. *Önnur mál*
6. *60 ára afmælishátíð Skjólbrekku 2015*

#### 1. Fundarsetning

Elísabet setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

#### 2. Eyðublað vegna styrkúthlutana

Á fundi nefndarinnar þann 21. apríl sl. var samþykkt að vinna að gerð eyðublaðs vegna styrkúthlutana. Það er nú komið í gagnið, nefndin fer yfir það í sameiningu og það er samþykkt.

#### 3. Styrkveitingar - seinni úthlutun 2015

Þrjár styrkumsóknir bárust að þessu sinni og nefndin leggur til að styrkjum verði úthlutað sem hér segir:

Sumartónleikar við Mývatn 2015 - 9 tónlistarviðburðir í Mývatnssveit	120.000 kr.
Garðar Finnsson - Ljósmyndavélasafn Skútustaðahrepps - Skrásetja / ljósmynda	100.000 kr.
Garðar Finnsson - Kafari / veiðar - Heimildamynd	150.000 kr.

#### **4. Jafnréttisáætlun og Landsfundur jafnréttisnefnda sveitarfélaga**

Fimmtudaginn 8. október munu tveir starfsmenn Jafnréttisstofu koma til að hitta nefndina vegna undirbúnings á uppfærslu eldri jafnréttisáætlunar. Einnig hefur borist bréf um að Landsfundur jafnréttisnefnda sveitarfélaga verði haldinn á Egilsstöðum 8. og 9. október. Í ljósi þess að vinna við uppfærslu á jafnréttisáætlun Skútustaðahrepps er í gangi er mikilvægt að nefndin sendi a.m.k. einn á fundinn. Samþykkt að Sigurður Böðvarsson fari á fundinn og Elísabet Sigurðardóttir til vara.

#### **5. Önnur mál**

Engin mál voru rædd undir þessum lið.

#### **6. 60 ára afmælishátíð Skjólbrekku 2015**

Félagar úr stjórn Menningarfélagsins Gjallanda komu inn á fundinn til að ræða skipulag veisluhalds vegna 60 ára afmælis Skjólbrekku.

*Fundi slitið kl. 22:00.*